



Mynd: Dagskráin/HGL

Gæsa húð og tár vot augu í Skálholti

Í síðustu viku hélt kór Mennta-
skólans að Laugarvatni sína
árlegu jólatónleika í Skálholts-
kirkju. Haldnir voru þrennir tón-
leikar og var fullt út úr dyrum á
þeim öllum. Mikil eftirvænting
var fyrir tónleikunum, bæði
hjá áhorfendum og meðlimum
kórsins og þá sérstaklega því
þetta eru fyrstu jólatónleikar
kórsins með áhorfendum síðan
jólín 2019. Kórfélagar sáu um
að kynna öll atriði kvöldsins
þar sem boðið var upp á fjöl-
breytt lagaval, íslensk og erlend
jólalög í bland og má þar nefna
Klukknanna köll, Það snjóar,
Happy X-mas, Little Drummer
Boy og Dansaðu vindur. Eins
var kórnum skipt upp í smærri

einingar þar sem stelpur, strákar
og bekkir tóku lög saman. 1.
bekkur stóð sig með þrýði á
sínunum fyrstu stórtónleikum.

Kórinn er svo sannarlega
fullur af hæfileikaríkum hljóð-
færaleikurum auk söngvara.
Margrét Inga Ágústsdóttir spil-
aði á píanó og slagverk, Arnar
Högni Arnarsson og Axel
Ýmir Grönli spiluðu á bassa,
Jade Jóhanna Mcdevitt og Ívar
Dagur Bryndísarson Sævarsson
spiluðu á gítar og Sólveig Lilja
Guðjónsdóttir á slagverk. Þess
má einnig geta að kórfélagar
kynntu öll atriði kvöldsins. Eyr-
ún Jónasdóttir kórstjóri á heiður
skilið fyrir vel unnin störf og
einnig er vert að minnst á

kórstjórnina sem stóð sig virki-
lega vel í tengslum við allt skipu-
lag og miðasölu. Í kórstjórn
sitja Helga Mjöll Sigurðardóttir
formaður, meðstjórnendurnir
Emilía Sara Kristjánsdóttir og
Hrafninn Jónsdóttir, María Sif
Rossel Indriðadóttir gjaldkeri og
Hekla Dís Sigurðardóttir ritari.

Óhætt er að segja að tón-
leikarnir hafi heppnast afar vel
og mátti heyra gesti tala um
gæsa húð og tár vot augu eftir
fallegan flutning sem blaða-
maður getur sannarlega tekið
undir og má gera ráð fyrir því að
margir gestir hafi komist í jóla-
skap við áheyrn þessara fallegu
radda.

HGL



Mynd: Dagskráin/HGL

ILVA opnar verslun á Selfossi

Í síðustu viku opnaði danska
verslunarkeðjan ILVA
veglega húsgagnaverslun á
Selfossi, en verslunin er sú
þriðja hérlandis.

Ásdís Ýr Aradóttir, verslun-
arstjóri var kát í bragði
þegar blaðamann bar að garði
á opnunardegi verslunar-
innar. „Það hefur gengið
rosalega vel að koma öllu af
stað, við höfum verið með
frábært fólk með okkur við
að standsetja allt hér undan-
farnar vikur. Það var fullt af
fólki mætt tíu mínútur í ellefu
í morgun og beið við hurðina,
það er greinilegt að það hefur
verið mikil eftirvænting fyrir
opnun verslunarinnar. Það er
búið að vera brjáluð trafíka á
planinu síðustu tvær vikur,
fólk að keyra framhjá og kíkja



í gluggana sem okkur finnst
alveg æðislegt. Við verðum
með tax free opnunartilboð
næstu daga og hlökkum til að
taka á móti Sunnlendingum í
jólratraffikinni.“

„Það hefur blundað í okkur í
svolitinn tíma að opna verslun
á Selfossi og við kýldum á
þetta núna í september því
við höfum fundið svo mikinn
áhuga frá fólki á svæðinu í
gegnum vefverslunina okkar, á
öllu Suðurlandi. Okkur fannst
alveg tilvalið að opna hérna
minni búð en með mjög gott
vöruúrval. Við verðum með
smelt og sótt, svo ef varan er
ekki til á Selfossi getur fólk
verslað á netinu og nálgast
vöruna hérna. Við erum mjög
spennt fyrir þessu og höfum
fengið frábærar viðtökur frá
heimafólki,“ segir Jóna Dóra
Ásgeirsdóttir, rekstrarstjóri
ILVA.

HGL

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi
fyrirtæki



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



LAUGARDAGUR 10. DESEMBER

14:00 ÞÓRIR GEIR OG FANNAR FREYR

15:00 JÓN JÓNSSON

16:00 JÓLASVEINARNIR ÚR INGÓLFSFJALLI

16:30 ELÍŠABET BJÖRGVINS OG ÍVAR

SUNNUDAGUR 11. DESEMBER

14:00 ALEXANDER OLGEIRS

15:00 JÓLASVEINARNIR KOMA Í HEIMSÓKN



Kakó og jólabækur!

Jólin koma með kertaljósum, kakói og upplestri jólabókanna í Bókakaffinu á Selfossi. Annað upplestrar-kvöldið er fimmtudagskvöldið 8. des. kl. 20.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

Guðrún Borgfjörð, Ragnar Stefánsson, Draumeý Aradóttir, Heimir Steinsson, Birna Þórðardóttir, G. Jökull Gíslason og Ingibjörg Hjartardóttir

Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFÖSS



Töfrandi bjórlesk sýning í Ölverk

Ölverk Pizza og Brugghús kynnir glænýja tegund af jólaskemmtun fyrir alla einstaklinga, 20 ára og eldri, sem hafa gaman af undrum mannslikamans og holdlegu gríni.

Laugardaginn 10. desember í nýjum sal Ölverk, Bjórgerði, verður í fyrsta sinn á Suðurlandi boðið upp á Bjórlesk sýningu, sannkallað jólahlaðborð fullorðinsskemmtiariða sem verður sneisafullt af þokka, gleði, daðri og töfrum.

Eftirfarandi hópur mun fram koma á þessari hátíðlegustu jólaskemmtun Suðurlands og þótt víðar væri leitað: Dansmærin Bobbie Mic-

helle, sirkus folinn Dan the Man, burlesk drottningin Margrét Maack og ástralska dragdrottningin Enter Serenity.

Bjórlesk sýningin mun hefjast stundvíslega klukkan 21:00

Nauðsynlegt er að tryggja sér miða tímanlega inn á www.tix.is (undir leitarorðinu Bjórlesk)

Til þess að fá mest út úr kvöldstundinni er tilvalið fyrir gesti að mæta snemma á Ölverk fyrir sýninguna og bragða á desember matseðlinum en jólapizzur og jóladrykkir að hætti Ölverk klinka aldrei.

Jóladjazz í Tryggvaskála

Hefð hefur skapast fyrir því Lað leikinn sé jóladjazz í Tryggvaskála og í ár verður ekki breyting á því. Þann 22. desember kemur fram Kvartett Unnar Birnu sem mun leika við hvurn sinn finger í Skálanum. Kvartettinn skipa auk Unnar, Pálmi Sigurhjartar á piano, Gunnar Jónsson á trommur og Sigurgeir Skafti á bassa.

Einstök kvöldstund framundan í tónum og tali með framúrskarandi tónlistarfólki.

Miðar fást í Tryggvaskála, takmarkaður miðafjöldi.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

JÓLASÝNING

FIMLEIKADEILDAR SELFÖSS 2022

ENCANTO

Laugardaginn 10. desember í Íþróttahúsi Vallaskóla

1.sýning 9:30
2.sýning 11:15
3.sýning 13:00

2000 kr. fyrir 12 ára og eldri
500 kr. fyrir 6-11 ára
Miðasala hefst á tix.is 1. desember

Íslandsbanki EB KERFI BYKO STUDIO SPORT Bilverki BA

LINDEX



Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

**LISTASAFN
ÁRNESINGA**

8.12 17:00 - 19:00

Útgáfuteiti í Listasafni Árnesinga.



Verið velkomin í Listasafn Árnesinga, Hveragerði
8. desember frá 17 - 19.

Elisabet Jökulsdóttir mun lesa úr nýutkominni bók
sinni Saknaðarilmur og mun hún árita
eintök fyrir gesti. Páll Óskar mun einnig flytja
nokkur lög. Ókeypis aðgangur og öll velkomin.



Bruggsmiðjan Ölverk í Hveragerði
byður upp á léttar veitingar.




JÓL Í HESPUHÚSINU



STYÐJUM VIÐ INNLENT HANDVERK
OG VERSLUM BEINT VIÐ
HANDVERKSFÓLK Í HEIMABYGGÐ.

Á aðventunni verður opið í Hespúhúsinu fimmtudaga,
föstudaga og laugardaga frá kl. 13-17 og utan þess tíma
hvenær sem er eftir samkomulagi. Hespúhúsið er opin
jurtalitunarvinnustofa í Árbæjarhverfinu við Selfoss þar
sem hægt er að kíkja í litunarpottana og versla jólagjafir
en þar fást Flóruspílin, Blómaspílin, Jurtalitapúsluspílið,
jurtalitað ullarband og fleira.



10. desember verður opið víða hjá
handverksfólki á Suðurlandi en þá
verður Skottmarkaður hjá Uppspuna
í Lækjartúni, góðir gestir verða í
Hespúhúsinu og á Þingborg í Flóa.
Einnig er opið á Fjárhúsloftinu að
Lækjarbotnum.

Kakó, smákökur og jólalög



Hespúhúsið

Ekið inn Árbæjarveg frá Toyota
www.hespa.is - Sími 865 2910



Í kór eins og afi og pabbi

Síðasta haust hóf Kór Fjöl-
brautaskóla Suðurlands,
sem stofnaður var árið 1983,
aftur upp raust sína undir stjórn
Stefáns Þorleifssonar, eftir
fjögurra ára þögn. Kórinn hélt
sína fyrstu tónleika fyrir full-
um sal Fjölbrautaskólans í
liðinni viku, þar sem ekki var að
heyra að hann væri jafn ungur
og raun ber vitni. Augljóst er
að kórinn er skipaður stórum
hóp af hæfileikabúntum, enda
tónleikarnir hinir glæsileg-
ustu, hugljúfir og notalegir og
skildu engan tónleikagest eftir
ósnortinn.

Sú sem stendur að baki endur-
reisn kórsins er ung kjarnakona
sem lætur verkin tala. Dýrleif
Nanna Guðmundsdóttir er 16
ára nýnemi við skólann og þrátt
fyrir stutta skólagöngu er hún,
auk þess að hafa sett kórinn á
laggirnar með tilheyrandi vinnu,
virkur meðlimur í nemendafélagi
skólans, áhugaleikkona með
mörg járn í eldinum, meðlimur
í ungmenningaráði Árborgar,
starfsmaður í Bíóhúsinu, píanó-
bassa-, söng- „og allskonar“
hljóðfæranemi og formaður
kórsins.

Dýrleif hefur brennandi
áhuga á tónlist og hefur komið
víða við í tónlistarheiminum
síðan hún var 7 ára gömul. „Að
syngja í kór var eitt af þeim
atriðum sem ég hafði ekki
komist í tæri við og hefur kór-
söngur alltaf heillað mig. Mig
grunar að kórblætið mitt komi
úr föðurættinni þar sem að ég
hef í mörg ár farið á tónleika hjá
Karlakór Selfoss að sjá afa og
pabba syngja.



Mynd: sunnlenska.is/Jóhanna SH

Þegar kom að því að velja
framhaldsskóla þá var mér
hugsað til ML og hins öfluga
kórstarfs sem þar er í gangi.
Ég velti fyrir mér af hverju það
væri ekki kór í FSu þar sem
hann væri svo fjölmennur skóli,
en ég vissi að það væri hægt að
gera góða hluti ef áhugi væri til
staðar,“ segir Dýrleif.

Setti framhaldsskólakór á laggirnar áður en hún útskrifaðist úr grunnskóla

„Þannig að í 10. bekk setti ég
mér það markmið að stofna
kór í FSu, eða nánar tiltekið að
endurvekja kórinn, því þegar ég
kynnti mér málið betur, reynd-
ist hafa verið starfræktur kór í
skólanum fyrir nokkrum árum.
Þann 17. mars sl. setti ég mig í
samband við Olgu Lísu skóla-
meistara og lagði fram beiðni
um að kórinn yrði endurvakinn.
Ég var þá búin að fá Stefán Þor-
leifsson, tónlistarkennarann
minn, með mér í lið til að taka
við hlutverki kórstjórnanda en
Stefán hefur áður stýrt Kór FSu.
Það var svo ekki fyrr en 23.

júní sem þetta var samþykkt
en til að kórinn myndi verða
að veruleika, þyrfti ég að vera
með 18 þátttakendur skráða á
haustönn. Og þá hófst leitinn.

Ég sendi ótal skilaboð á vini
mína og þau sem mér datt í hug
að gætu haft áhuga á að vera í
kórnum. Þegar kom að fyrstu
æfingunni voru 15 manns sem
létu sjá sig, þar á meðal einn
strákur. Kórinn æfði vikulega
á önninni, fólk var að byrja og
hætta en fram að 4. október
var hann ennþá í mótn,“ segir
Dýrleif.

„Eftir að hafa æft vel og sam-
viskusamlega yfir önnina kom að
því að halda tónleika. Það voru
34 nemendur sem stígu á svið,
27 stelpur og 7 strákar. Okkur
tókst að fylla salinn og halda vel
heppnaða tónleika. Efnisskráin
var blanda af dægurlögum og
aðventulögum og einsöngvarar
úr röðum kórfélaga skreyttu
tónleikana. Sérstakur gestur var
Pelle Damby Carøe. Ég er ennþá
í gleðivímu eftir tónleikana sem
voru alveg einstök kvöldstund.
Ég átti mjög erfitt með að
halda andliti á meðan á þeim
stóð vegna þess að ég var svo
ótrúlega hrædd og ánægð með að
kórinn hafi orðið að veruleika.

Ég er óendanlega þakklát
meðlimum kórsins og Stebba
sem hjálpuðu mér við að koma
lífi aftur í Kór FSu. Það er
alveg ótrúlega gaman að vera
í kórnum og mikið hlegið á
æfingum. Kórinn er ekki að fara
neitt í bráð og ég vil hvetja alla
nemendur skólans til að prófa að
koma á æfingu hjá okkur,“ segir
Dýrleif að lokum.

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800
Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir,
sími 856 0573, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0565, dfs@dfs.is.

Auglýsingaeld: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar
berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur
austan Hellisheiðar. Dagskráin
er aðili að samtökum bæjar-
og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísingátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Hún er stundum hengd á þil,
hlý sú flík og veitti yl.
Lifir hún á litinn blá,
líka kemur brunni frá.

Svar við gátu í blaði 2677: **BYTTA**

1. Skriðbyttu - 2. Lekbyttu, skammarorð um bát
3. Blekbyttu - 4. Fyllibyttu



GRÓÐURHÚSIÐ

THE GREENHOUSE

Hótel | Mathöll | Verslanir | Kaffihús | Ísbúð | Matarmarkaður | Bar | Viðburðir

KOMDU OG UPPLIFÐU JÓLASTEMNINGU!

Dagskrá allar helgar og ýmsa virka daga fram að jólum
og sérstakur jólamatseðill í gangi alla daga í mathöll/bar

7. DES

KÓSYKVÖLD Í HVERAGERÐI

Jólaglögg og Heitt Súkkulaði ásamt
Möndlubásnum frá kl. 16
Lifandi ljúfir tónar 19-21

10. DES

AFMÆLISHELGI GRÓÐURHÚSSINS

Eins ár afmæli.
Jóladjass
Kiddi Svavars og Sigurgeir Skafti 17:00-19:00
Benni b ruff og Steini á saxa
Happy Hour á Nýlendubarnum 16-20
Sértilboð í verslunum

17. DES

JÓLATÓNLEIKAR

Unnur Birna ásamt jólatríói leika fyrir
ljúfum tónum 20-22

23. DES

ÞORLÁKSMESSA

Á þorláksmessu verður riggarígg
Óskalög, faðmlög, jólalög, öll lög 20-22



ALLAR HELGAR
Í DESEMBER

Jólatréssala 3. flokks Hamars í knattspyrnu.
Ís fyrir tvo fylgir hverjum seldu tréi

JÓLAMATSDILL

sjá: thegreenhouse.is/jol

Opið frá kl. 8:00 - 23:00 öll kvöld fram að jólum. Mathöllin er opin frá kl. 11:30 - 21:00

thegreenhouse.is

+354 464 7336

Austurmörk 6, Hveragerði


GeoSalmo

Ráðhús Ölfuss
14. des kl 18:00

Þér er boðið!

Starfsfólk Geo Salmo býður til íbúa-
fundar í ráðhúsi Þorlákshafnar. Kynnt
verður umhverfismat fyrirtækisins
ásamt framtíðar áformum.

Húsið opnar kl. 18:00. Framkvæmdarstjóri Geo Salmo,
Jens Þórðarson opnar með stuttri kynningu og verður síðan
opnað fyrir spurningar og samtal við starfsfólk.

– Boðið verður uppá léttar veitingar að lokinni kynningu.

ÚTBOÐ

Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í:
„Gatnagerð – Leikskólagata“



Verkið felur í sér gatnagerð í „Leikskólagötu“ á Hvolsvelli. Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum, leggja styrktarlag og sjá um yfirborðsfrágang. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annarra veitulagna. Einnig skal verktaki sjá um uppsetningu ljósastaura.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	4000 m³
Styrktarlag og fylling í lagnaskurði	3300 m³
Fráveitulagnir	250 m
Ljósastaurar	14 stk
Hitaveitulagnir	250 m
Malbik	3400 m²
Graspakning	550 m²

Verkinu skal að fullu lokið 1. júní 2023.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 7. desember 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við undirritaðan með tölvupósti á netfangið ulfar@hvolsvollur.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur fyrir kl. 11.00 fimmtudaginn 22. desember 2022 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþings eystra

Sérsumaður Aladdin og töfralampinn

Föstudaginn 13. janúar 2023

Gefst okkur kostur á að skreppa í Borg í Grímsnesi og sjá þessi skemmtilegu sýningu sem er fyrir alla aldurshópa.

Brottför rútu við Grænumörk kl. 19:00
Miðaverð og akstur kr. 4.500,-

Móttaka greiðslu í Grænumörk
föstudaginn 6. jan. frá 10:00-12:00

Við bendum á, að hver og einn
þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru í Grænumörk 5

Magnús J. Magnússon sími 893 2136
Jóna S. Sigurbjartsdóttir sími 892 8453
Sirrý Guðmundsdóttir í síma 863 7133



Tveir ungir Ölfusingar skara framúr

Daníel E. Arnarsson úr Þorlákshöfn og Stefán Ólafur Stefánsson frá Öxnalæk eru meðal þeirra tíu ungu Íslendinga sem hlotið hafa viðurkenningar fyrir að vera Framúrskarandi ungur Íslendingur en af þessum tíu einstaklingum er valinn einn verðlaunahafi, sem í ár var Sólborg Guðbrandsdóttir fyrir brautryðjandi störf sín í baráttu mannréttinda og réttinda kvenna. Verðlaunin sem veitt voru af JCI á Íslandi í 21. skiptið í ár eru hvatning og viðurkenning fyrir ungt fólk sem kemur til með að hafa áhrif í framtíðinni.

Daníel E. Arnarsson

Fékk viðurkenningu fyrir framlag til barna, heimsfriðar og/eða mannréttinda. Daníel hefur starfað ötullega að málum hinsegin fólks og hefur verið framkvæmdastjóri Samtakanna '78 frá árinu 2017. Samtökin '78 eru málsvári hinsegin fólks á Íslandi, veita hinsegin fólki sterkari rödd í samfélagsmálum og berjast fyrir lagasetningu sem skilar bættum réttindum hinsegin fólks. Þau veita þá ráðgjöf til hinsegin einstaklinga og aðstandendur þeirra en einnig eru þau með umfangsmikla fræðslustarfsemi þar sem skólar, stofnanir og fyrirtæki eru heimsótt og frætt um hinsegin málefni. Daníel er fæddur árið 1990 og er uppalinn á Þorlákshöfn til tvítugs, síðan þá hefur hann búið í Hafnarfirði og í Reykjavík. Daníel gekk í Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi. Hann er með bakkalágráðu í félagsfræði frá Háskóla Íslands.

Daníel hefur verið mikið í stjórnárum frá því að hann var 17 ára gamall og tekið þátt í öllum kosningum síðan 2009. Hann byrjaði með ungliðagreyfingunni, UVG og sat í stjórn hennar frá 2007 til 2014. Hann stofnaði Ung vinstri græn á Suðurlandi og var formaður þess í tvö ár. Hann hefur starfað mikið fyrir Vinstrihreyfingin – grænt framboð og hefur hann bæði verið varaþingmaður Suðurlandskjördæmis 2017 og einnig varaþingmaður Reykjavíkurborgar kjördæmis suður frá 2021. Daníel vann í markaðs- og auglýsingamálum hjá Te & Kaffi, hefur unnið við fiskvinnslu, þjónustörf, verslunarstjóra störf, var kosningastjóri í þremur kosningum og áður en hann byrjaði hjá Samtökunum '78 var hann framkvæmdastjóri Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Í frítíma sínum leggur Daníel rækt við söng og stýrir vikulegum karaoke-kvöldum á hinsegin skemmtistaðnum Kiki-Queer Bar.

Stefán Ólafur Stefánsson

Fékk viðurkenningu fyrir störf á sviði viðskipta, frum-

kvöðla og/eða hagfræði. Stefán er tveggja barna fjölskyldu-faðir á Seltjarnarnesi, útskrifaður með B.A. í Uppeldis- og menntunarfræði og M.Sc. í Markaðsfræði og Alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands. Árið 2016 stofnaði hann ásamt öðrum fyrirtækið Ekki gefast upp! með það að markmiði að bjóða upp á líkamsrækt fyrir börn og ungmenni sem glíma við andlega vanlíðan s.s. kvíða og þunglyndi. Markmiðið með stofnun Ekki gefast upp! var að skapa jákvæða upplifun af hreyfingu fyrir einstaklinginn og mæta honum með persónulegri nálgun og þéttum stuðningi. Á námskeiðum þeirra er leitast við að skapa tækifæri fyrir börn og ungmenni sem búa að neikvæðri reynslu úr heimi skólaíþróttar eða skipulags íþróttastarfs til að finna aftur þá gleði og ánægju sem hreyfing getur haft. Námskeiðin hafa hlotið mikilla vinsælda síðan þau hófu göngu sína árið 2016 og hafa skapað sér stóran sess í þeim málaflokkum er kemur að forvörnum og ræktun geðheilbrigðis meðal barna og ungmenna. Eftirspurnin er mikil og fjölbreyttur hópur einstaklinga sækir þar þjálfun.

Nýlega var verkefnið Ekki gefast upp! styrkt af velferðarsjóð barna um 2,8 milljónir og var styrkurinn fyrst og fremst nýttur til þess að gera fleiri ungmönnum kleift að taka þátt og fyrir Ekki gefast upp! til að ná í auknum mæli til jaðarsettra hópa í samfélaginu. Þá stóð hópurinn fyrir vitundarvakningunni „Tölum saman“ þar sem almenningur var hvattur til að skora á sjálfan sig og skuldbinda sig í leiðinni til að láta fjölskyldu sína og vini vita að þau væru til staðar ef eitthvað bjátaði á. Stefán hefur lengi starfað með ungu fólki en

hann starfar einnig sem IPS atvinnulífstengill hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóð. Í starfi sínu aðstoðar hann ungt fólk í endurkomu til vinnu sem glímir m.a við íþyngjandi félagslegar aðstæður, lítinn félagslegan stuðning, geðrofssjúkdóma o.fl.

Áður starfaði Stefán Ólafur sem stuðningsfulltrúi fyrir Reykjavíkurborg, sem fóstara í sumarbúðum fatlaðra í Reykjadal og sem NPA aðstoðamaður. Lengst af eða frá árunum 2013-2019 starfaði hann sem ráðgjafi á Barna- og Unglingageðdeild Landspítalans og sinnti þar bæði einstaklings og fjölskylduráðgjöf í meðferð tengdri sjálfsvígshugsunum og tilraunum til sjálfsvígs, alvarlegum og hamlandi einkennum þunglyndis og kvíða og meðferð tengdri einkenna og gruns um geðrof. Þá bar hann ábyrgð á öryggismálum deildarinnar og starfaði í átröskunarteymi deildarinnar alla sína tíð. Málefni barna og ungmenna hafa lengi verið honum hugleikin en Stefán situr í samráðshóp vegna undirbúnings frumvarps til nýrra laga um heildstæða skólaþjónustu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi en árið 2019 kynnti hann meistararitgerð sína á Þjóðarspeglinum um viðhorf ungmenna í 8. – 10. bekk til skólaíþróttar.

Dómnefnd skipaði Þórunn Eva Pálsdóttir, Framúrskarandi ungur Íslendingur 2021, Eyvindur Elí Albertsson verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg og senator JCI, Geir Finnson forseti LUF, Ragnhildur Helgadóttir rektor Háskólans í Reykjavík og Ríkey Jóna Eiríksdóttir landsforseti JCI 2022.





Löglærður fulltrúi hjá Pacta

Við leitum að löglærðum fulltrúa til þess að ganga til liðs við okkur hjá Pacta á Selfossi.

Helstu verkefni og ábyrgð eru lögfræðiráðgjöf til fyrirtækja, opinberra aðila og einstaklinga ásamt málflutningi og ábyrgð á fyrirtökum í héraðsdómi og hjá sýslumanni.

Verkefnin eru fjölbreytt og helst á sviði stjórnslu- og sveitarstjórnarréttar, samninga- og kröfuréttar, refsiréttar, erfða- og skiptaréttar, eignaréttar og skaðabótaréttar.

Hæfniskröfur

- Meistaragráða í lögfræði
- Málflutningsréttindi eru æskileg
- Góðir samskiptaeiginleikar
- Geta til að vinna sjálfstætt

Við hvetjum áhugasöm til að sækja um á **pacta.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 21. desember nk.

Frekari upplýsingar veitir Jón Páll Hilmarsson / jonpall@pacta.is.

● ● ● **Pacta** / Austurvegi 4, 800 Selfoss / pacta.is



ILVA

ILVA HEFUR OPNAÐ Á SELFOSSI FRÁBÆRT ÚRVAL AF FALLEGUM VÖRUM

AUSTURVEGI 69, 800 SELFOSS



Kæru vinir í tilefni af 80 ára afmæli mínu 11. des nk. Verður veisla haldin í Ráðhúsinu (Versölum) í Þorlákshöfn laugardaginn 10. desember og hefst hún kl. 19.00. Það verður OPIÐ HÚS og léttar veitingar í boði. Mér þætti vænt um að sjá sem flesta vini og samferðamenn til að fagna með mér á þessum tímamótum. Gjafir eru vinsamlegast afþakkaðar.

Með kveðju
**Einar Friðrik
Sigurðsson.**



Verkstæði Magga Hermanns, Úthaga 13, Selfossi, S-6997684 og verksted@tubes.is

Þar sem virkilega góð viðbrögð hafa verið við kynningarflættinum sem við buðum í október og margir gátu nýtt sér hann, langar okkur að fram-
lengja hann.

Því þjóðum við óbreytt afsláttarkjör út árið!

20% af allri afritunarvinnu.

Nú er upplagt að láta yfirfæra fyrir jólin

Mínum á að við getum líka tekið filmur, myndir á pappír og Slides myndir og skannað á stafrænt. Erum með flakkara og USB minnislykla á staðnum.

Einnig viðgerðir á verkstæði, helst í hljómtækjum.

Sjá nánar um þetta og fleira á vef verkstæðisins www.tubes.is



YAP á Selfossi

Leikskólinn Jötunheimar á Selfossi er kominn í samstarf við Special Olympics á Íslandi og Íþróttasamband fatlaðra við innleiðingu YAP- young athletes program, verkefnisins. Sigurlín Jóna Baldursdóttir, íþróttatræðingur sér um hreyfipjálfun í Jötunheimum. Hún hefur verið að innleiða YAP verkefnið í því hreyfistarfi sem fyrir var og hefur notið mikilvægs stuðnings leikskólustjórans, Júlíönu Tyrfingsdóttur.

Í febrúar 2023 er fyrirhugað að halda kynningardag YAP á Selfossi og vonast er eftir því að YAP verkefnið veki áhuga og þróist áfram á Suðurlandi.

Mikilvægi hreyfingar til að stuðla að góðum hreyfiproska hjá börnum á aldrinum 2-6 ára

„Mikilvægt er að hlúa vel að hreyfiproska barna frá aldrinum 2 - 6 ára. Rannsóknir sýna að til þess að stuðla að góðum hreyfiproska þurfum við að örva og þjálfa hreyfingu með skipulögðum hætti. Þar sem börnin dvelja stóran hluta dagsins í leikskólum, ættu leikskólar að hafa góða aðstoðu fyrir hreyfingu og starfsfólk sem býr yfir þekkingu til að örva hreyfiproska barnanna (Venetsanou og Kambas, 2010). Fagmenn þurfa að kunna að leiðbeina, hvetja og stýra hreyfingu barnanna, því að þannig náum við tilætluðum árangri. Sýnt hefur verið fram á

að snemmtæk íhlutun hjá börnum sem glíma við hreyfivanda eykur hreyfifærni þeirra,“ segir Sigurlín.

Sigurlín segir þau í Jötunheimum leggja metnað í að stuðla að góðum hreyfiproska hjá öllum börnum „Við erum meðvituð um að snemmtæk íhlutun eykur hreyfifærni þeirra barna sem eru með slakan hreyfiproska. Í hreyfitíma í Jötunheimum vinna fagaðilar og gefast börnum með skerta hreyfifærni kostur á auka íhlutun í formi hreyfitíma með fagaðila. Þessa snemmtæku íhlutun munum við vinna með í gegnum verkefni YAP - young athletes program.“

YAP – young athletes program

Ísland hóf innleiðingu YAP árið 2015 og er áhersla lögð á samstarf við leikskóla. YAP kemur inn á grunnfærni

hreyfiproska, eins og t.d að ganga, hlaupa, hoppa, jafnvægi, kasta og sparka. „Markmiðið með þessu verkefni er að öll börn sem þurfa á aukahreyfipjálfun að halda til þess að bæta slakan hreyfiproska fái þá aðstoð sem þau þurfa og að lögð sé áhersla á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar. Þó áherslan á YAP verkefnið sé á börn með þroskahömlun, er markmiðið að öll börn njóti góðs af; fatlaðir eða ófatlaðir. Ef leikskólar leggja markvissa áherslu á hreyfingu eins og YAP býður upp á, getur það stuðlað að því að börn með einhverskonar þroskahömlun verði virkari í íþróttastarfi í framtíðinni. Mun verkefnið hjálpa okkur í að gera leikskólann í Jötunheimum enn betri og faglegri leikskóla með snemmtækri íhlutun og faglegri þjálfun,“ segir Sigurlín að lokum.



JÓLASAGA DAGSKRÁRINNAR OG BÓKAKAFFISINS

Sagan þarf að vera örsaga, 500 – 1000 orð og umfjöllunarefnið þarf með einhverjum hætti að tengjast jólnum. Allir aldurshópar eru velkomnir til þess að taka þátt. Verðlaunin eru **vegleg bókaþöf** frá Bókakaffinu og sagan verður birt í jólablaði Dagskrárinnar.

Sendu okkur söguna, ásamt nafni og síma, á dfs@dfs.is, merkt „Jólasagan mín“, og þú ert komin(n) í pottinn!

Senda þarf myndina inn fyrir sunnudaginn 11. desember 2022.



Jóla ljósmyndakeppni

Í samstarfi við Origo og Blik ljósmyndaklúbb

Sendu okkur **jólamynd** og þú gætir unnið glæsileg verðlaun!

Sigurvegurinn fær að verðlaunum glæsilega **Canon EOS M50 Mark II** myndavél frá Origo ásamt því að fá sigurmyndina birta á forsiðu **jólablaðs Dagskrárinnar** 15. des. nk. Einnig ætlar Blik ljósmyndaklúbbur að verðlauna efstu þrjár myndirnar með **ársaðild að klúbbnum**.

Sendu okkur myndina, ásamt nafni og síma, á dfs@dfs.is, merkt „Jólamyndin mín“, og þú ert komin(n) í pottinn!

Senda þarf myndina inn fyrir sunnudaginn 11. desember 2022.



origo.

Canon

B L I K
LJÓSMYNDALÚBBUR

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



Skógræktarfélag Árnesinga
auglýsir jólatréssölu á
Snæfoksstöðum í Grímsnesi.
Skemmtileg samverustund
þar sem m.a er hægt að fá
kakó og lummur.
Opnunartímar fyrir jól eru
sem hér segir:
Laugardaga og sunnudaga
fram að jolum klukkan 11-16.
Vikan 19.-23.desember
klukkan 11-16.



Segja vil ég sögu af sveinunum þeim... sem bregða sér á laugardag í miðbæinn heim

Laugardaginn 10. desember lgeta börn og aðrir jólasveinaunnendur glaðst saman í miðbæ Selfoss þegar sjálfir jólasveinarnir mæta til byggða úr Ingólfsfjalli fyrir allra augum í fyrsta sinn síðan heimsfaraldur skall á. Þeir hafa boðað komu sína í miðbæinn á Selfossi þar sem jólastemningin verður í hávegum höfð með tónlistaratriðum og hátíðarbrag.

Upphitun byrjar kl. 14 með Þóri Geir og Fannari Frey. Jón Jónsson mætir svo á á svæðið áður en jólasveinarnir koma úr fjallinu kl. 16. Að lokum munu Elísabet Björgvins og Ívar taka falleg jólalög á Brúartorgi. Á sunnudag tekur svo Alexander Olgeirs við ásamt annarri heimssókn frá jólasveinum en þeir, auk einvala liðs tónlistarfólks verða tíðir gestir miðbæjarins fram að júlum svo að öll börn ættu að ná góðri stund með sveinkunum úr

Ingólfsfjalli fyrir jól.

Miðbærinn er svo sannarlega kominn í jólabúninginn þar sem jólatónlist hljómar frá morgni til kvölds og er dagskráin á Brúartorgi virkilega flott allar helgar í desember, bæði laugardaga og sunnudaga. Konungskaffi býður upp á

útisölu á ilmandi möndlum og heitu kakói og veitingastaðirnir í Mjólkurbúinu bjóða upp á sérstaka jólarétti. Að auki verður fjölbreytt og skemmtileg jóladagskrá á Sviðinu við Brúartorg í desember m.a. Jóli Hólmi, Jól & Næs og Stebbi og Eyfi.



Meistari síðasta árs varði titilinn á Suðurlandsmóttinu í skák

Suðurlandsmótið í skák var shaldið í Hvolsskóla á Hvolsvelli laugardaginn 26. nóvember. 18 keppendur tóku þátt og voru tefldar 7 umferðir.

Eftir æsispennandi keppni voru alþjóðameistararnir Davíð Kjartansson og Dagur Arngrímsson efstir og jafnir með 6 1/2 vinning hvor. Tefldu þeir þá tvær hraðskákir sem enduðu með jafntefli og var þá tefld svokölluð Armageddon skák þar sem Davíð hafði betur. Hann varði þar með titilinn frá síðasta ári. Dagur hafnaði því í öðru sæti og Róbert Lagerman endaði í þriðja sæti. Sæþór Ingi Sæmundarson stóð sig best þeirra sem voru yngri en 18 ára og náði hann áttunda sæti.

Íþróttafélagið Dímon á Hvolsvelli og SSON (Skákfélag Selfoss og nágrennis) sáu

um framkvæmd mótsins sem gekk vel og voru vegleg verðlaun veitt fyrir efstu sætin.



Jól í Ullarversluninni Þingborg

Jólastemning í Ullarversluninni Þingborg laugardaginn 10. desember frá kl. 10:00-17:00.

Kynning frá Ístex á ullarsængum, koddum og yfirdýnum frá kl 13-16.

Bókakynning frá kl. 15-17. Auður Björt kynnir þrjónabókina sína Sjöl og teppi.

Smákökur og kaffi. Verslum í heimabyggð.




HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2022

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2022. Frestur til tilnefninga er til miðnættis fimmtudaginn 5. janúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverðlaun@sudurland.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus



Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 24. nóvember eftirtalda skipulagstillögu til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslag nr. 123/2010:

Deiliskipulagstillaga fyrir fiskeldisstöð Geo Salmo vestan Þorlákshafnar

VSÓ ráðgjöf hefur unnið deiliskipulagstillögu fyrir fiskeldisstöð Geo Salmo í Bášum vestan Þorlákshafnar. Skilgreindur er byggingarreitir fyrir mannvirki og sýnd staðsetning útrásar og borhola og settir skilmálar fyrir uppbyggingu lóðarinnar.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 2. desember 2022 til 16. janúar 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 16. janúar 2023 eða með bréfpósti á skipulagsfulltrúa, bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Gunnlaugur Jónasson,
skipulagsfulltrúi Ölfuss

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSEL

er opin fimmtudaginn
8. des. kl. 13:00-14:30.

GLERLIST

Þriðju- og fimmtudaga
kl. 9 í Grænumörk.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



KIRKJUR

Selfosskirkja
Sunnudagur 11. desember kl.
11 verður jólaskekkmtun Sel-
fosskirkju, notaleg og skemmti-
leg stund fyrir alla fjölskylduna.
Dansað verður í kringum jólaréð
og góðir (skjeggjaðir) gestir kíkja
í heimsókn.

Árbæjarkirkja
Aðventuguðsþjónusta verður 3.
sd. í aðventu 11. des. kl. 14.00.
Kórinng syngur aðventu- og jóla-
sálma. Kaffi, jóladrykkur og
smákökur að athöfn lokinni.
Verið öll hjartanlega velkomin í
kirkju.

Marteinstungukirkja
Aðventuguðsþjónusta verður 3.
sd. í aðventu 11. des. kl. 16.00.
Kórinng syngur aðventu- og jóla-
sálma og ljósín látnin njóta sín.
Jólahressing að athöfn lokinni.
Verið öll hjartanlega velkomin.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 10. des-
ember. Biblíulexiur kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12, Eric Guð-
mundsson prédikar. Verið vel-
komin.

TAPÐ / FUNDIÐ



Hringur fannst á göngustíg hjá
Suðurhólum/Nauthólum á Sel-
fossi. Eigandi getur nálgast í af-
greiðslu Prentmets Odda á
Selfossi.



Húfa fannst á Gagnheiði á Sel-
fossi. Eigandi getur nálgast í
afgreiðslu Prentmets Odda á
Selfossi.

HEILSA



Nýi nuddarinn
í bænum

Tilboð til áramóta

Gunnar 822 0727

www.dao.is

Facebook.com/Dao Nudd

Ásmundur Einar hæstánægður
með frístundaþjónustu Árborgar

Barna og menntamála-
ráðuneytið heimsótti frí-
stundaþjónustu Árborgar á
dögunum. Það komu um 50
manns úr ráðuneytinu ásamt
Ásmundi Einari Daðasyni
ráðherra sem hafði heimsótt
starfsfólk frístundageirans
fyrir á árinu. Ásmundi leist svo
vel á þverfaglega fyrirkomu-
lagið sem er uppi í Árborg
að hann var sjálfur forspraki

þess að flykkja starfsfólk
ráðuneytisins á Selfoss til
frekari kynningar. Gunnar E.
Sigurbjörnsson deildarstjóri
frístundaþjónustu Árborgar
hélt kynningu um frístunda-
mál og þverfaglega samvinnu
fjölskyldusviðs. Ráðuneytið
hrósaði starfsfólki frístunda-
þjónustu fyrir faglegt og gott
starf og hvatti áfram til góðra
verka.

Flóaskóli er orðinn
15. UNESCO-skóli landsins

Í nóvember fékk Flóaskóli
viðurkenningaskírteini
UNESCO-skóla og er form-
lega orðinn 15. UNESCO-skóli
landsins. Markmið UNESCO-
skóla er að bjóða upp á fjöl-
breyttari og aðgengilegri miðlun
um heimsmarkmið Sameinuðu
þjóðanna. Efla þekkingu og
færni ungs fólks til þess að
ýta undir sjálfbæra þróun, sbr.
heimsmarkmið 4.7. Aukið fram-

boð upplýsinga um Sameinuðu
þjóðirnar og þróunarsamvinnu.

Einnig hefur UNESCO starf-
rækt samstarfsnet skóla á al-
þjóðavísu frá árinu 1953 og er
það góð viðbót við það þverfag-
lega og fjölbreytta starf sem að
Flóaskóli vinnur að. Við í Flóa-
skóla erum afar stolt af því að
vera orðinn hluti af þessu stóra og
mikilvæga tengslaneti.

Óljóst hvað framtíðin beri í skauti sér

Senn líður að leiðarlökun hjá Sokkur í Handverki og hugviti undir Hamri í Hveragerði. Að öllum líkindum verður það í síðasta sinn sem jólaopnun verður hjá félaginu, þar sem fyrir hugað er að taka niður þetta fallega gamla hús og byggja við Grunnskólann í Hveragerði einhvern tímann á næstu misserum. Þetta er búið að vera yndislegur tími sem við félagar höfum haft í þessu fallega húsi, þar sem listamenn og handverksfólk hefur blómstrað og getað verið með opnar vinnustofur, haft sýningar á list- og handverki um nokkurra ára skeið og verið sýnilegt gestum og gangandi hér í listabænum Hveragerði eins og hann er stundum kallaður.

Hvað framtíðin ber í skauti sér varðandi starfsemi félagsins er óljóst hvað muni taka við á næstu misserum, þar sem lítið eða ekkert húsnæði virðist vera á lausu fyrir slíka starfsemi eins og staðan er í dag. Þar af leiðandi mun listalíf ekki vera eins sýnilegt og það hefur verið undan farin ár hér í bæ. Við að sjálfsögðu vonumst eftir því að ný bæjarstjórn í Hveragerði sjái sér fært að finna félagastarfseminni annað heilsusamlegt



húsnæði þar sem listir, hugvit og handverk fái notið sín, þar sem hægt er að halda námskeið og vera með fræðslu tengt handverki og listum.

Hrönn Waltersdóttir sem er ein af stofnendum félagsins mun hafa opið laugardaginn 10. des frá kl. 10 til 17 og sunnudaginn 11. des. frá kl. 13 til 17. Í gamla barnaskólanum (Egilsstöðum) við Skólamörk í Hveragerði. Þar verður til sölu handverk á sanngjörnu verði.

Boðið verður upp á léttar

veitingar og allir hjartanlega velkomnir að líta inn.

Félagið þakkar öllu því yndislega fólki fyrir innlitið í gegnum árin og einnig öllum þeim sem hafa gefið okkur félagsmönnum tækifæri á að hafa húsnæðið til afnota og við fengið að vera sýnileg í bænum okkar Hveragerði.

Með innilegu þakklæti, f.h. Handverks og hugvits undir Hamri í Hveragerði, Hrönn Waltersdóttir.

Um Handverk og hugvit undir Hamri í Hveragerði

Handverk og hugvit undir Hamri í Hveragerði hóf sína göngu sína 2004 og var stofnað af Ármanni Ægi Magnússyni, Bjarna Jónssyni, Kristjáni Einarsyni og Hrönn Waltersdóttur og fékk kennitölu árið 2008. Grunnhugmynd félagsins var að vera vettvangur fyrir handverksfólk til þess að koma handverki sínu á framfæri, efla samstöðu og fræðslu.

Handverk og hugvit hefur staðið fyrir fjöldann allan af viðburðum í gegnum árin, má þar meðal annars nefna handverksmarkaði á sumrin í gamla Kaupfélagshúsinu, sem nú er myndmenntastofa Grunnskólans í Hveragerði, í tjöldum fyrir utan íþróttahúsið, handverksgallerí í Sunnumörk, námskeiðum í skattlagningu og verðlagningu á

handverki, ljósmyndun á handverki, einnig var gerð heimasíða handverksgallery.is sem er ekki virk lengur því aðrir samfélagsmiðlar tóku yfir.

Félagið fékk Sænskan kennara til þess að kenna brennslur á leir í lifandi eldi með aldagömlum aðferðum, byggður var útibrennsluofn. Á meðan námskeiðinu stóð var gert fræðslumyndband þar sem hægt er að fræðast um margar útibrennslu aðferðir með lifandi eldi. Átta menntaðar leirlistakonur víðsvegar af landinu tóku þátt í námskeiðinu sem stóð í um það bil viku. Þær stofnuðu síðan félagið Brennuvargar og hafa haldið sýningar víðsvegar um landið og kynningar á leirbrennslu aðferðum.

Handverk og hugvit hefur verið með vinnustofuaðstöðu fyrir handverksfólk í gamla barnaskólanum (Egilsstöðum) um nokkura ára skeið, þar sem félagsmenn hafa getað unnið að sínu handverki og komið því á framfæri.

Einnig voru haldin námskeið fyrir börn og eldri borgara í Hveragerði í gamla Reykjavíðshúsinu (Kjöt og Kúnnst) einnig voru brennslur á leir fyrir leikskólann Óskaland.

Fyrirhugað var að vera með námskeiðshald þar áfram en þykir því miður ekki góður kostur fyrir börn og gamalmenni



þar sem húsnæðið þykir heilsu-spillandi.

Nú síðast voru Brennuvargar með sýningu á Blómstrandi dögum í Hveragerði í Hveragarðinum og sýndu verk sín ásamt fræðslumyndbandi um brennslur í lifandi eldi, á vinnustofunni í elsta hluta gamla Reykjavíðs.

Félagið hefur hlotið ýmsa styrki frá SASS fyrir viðburðum sem haldnir hafa verið á vegum félagsins og félagar hafa lagt fram ómælda sjálfböðavinnu við framkvæmdina á öllum þessum viðburðum sem haldnir hafa verið í gegnum tíðina.

Út frá félaginu Handverk og hugvit undir Hamri í Hveragerði má segja að hafi síðan sprottið ýmis önnur félög eins og Gallerí Grýta í Sunnumörkinni, Ljósmyndafélag og Brennuvargar sem enn eru starfandi.



Samvera fyrir syrgjendur

Oft er erfitt að horfa fram til jóla þegar ástvinur hefur fallið frá og það gildir líka þótt langt sé um liðið. Samvera 12. desember kl. 20 í Selfosskirkju er hugsuð til að styðja fólk í þeim aðstæðum. Flutt verður hugvekja, Lay Low syngur og við tendrum ljós í minningu látinna ástvina. Kaffi og konfekt. Samveran er samstarfsverkefni Árborgar-, Hveragerðis - og Þorláksprestakalls. Öll hjartanlega velkomin.



Verið velkomin í Selfosskirkju þriðju helgi í aðventu

Laugardagur 10. desember kl. 17 verða jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands í Selfosskirkju.

Á tónleikunum kemur fram 50 manna hljómsveit og 80 kórsöngvarar kirkjukórs Selfosskirkju og barna- og unglingakórs Selfosskirkju sem flytja íslenska og erlenda jólatónlist.

Einsöngvarar verða Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Eyjólfur Eyjólfsson tenór. Konsertmeistari er Greta Guðnadóttir.

Sunnudagur 11. desember kl. 11 verður jólaskemmtun Selfosskirkju, notaleg og skemmtileg stund fyrir alla fjölskylduna. Dansað verður í kringum jólaréð og góðir (skjeggjaðir) gestir kíkja í heimsókn.

Verið öll hjartanlega velkomin.

Kristján Jóhannsson heiðursgestur á jólatónleikum í Skálholti

Jólatónleikar í Skálholtsdómkirkju verða haldnir 15. desember kl. 20:00. Heiðursgestur á tónleikunum er Kristján Jóhannsson óperusöngvari sem syngur einsöng með kórnum.

Ásamt Kristjáni munu Skálholtskórinn, Kirkjukór Breiðabólstaðarprestakalls, Kirkjukór Odda- og Þykkvabæjarkirkju og Kirkjukór Landeyja koma saman í Skálholti og syngja þekktar perlur aðventu- og jólatónlistar sem koma öllum í hátíðarskap. Á tónleikunum munu kórarnir einnig syngja yndislega tónlist eftir John Rutter.

Meðal verka sem flutt verða eru *Ave María* eftir Sigvalda Kaldalóns, *Nóttin var sú ágæt ein*, *Guðs Kristni í heimi* og *Ó, helga nótt* svo eitthvað sé nefnt.

Samtals eru um 80 kórsöngvarar sem syngja allir saman og einnig í minni hópum.

Jóhann I. Stefánsson leikur á trompet. Organistarnir Jón Bjarnason og Guðjón Halldór Óskarsson stjórna kórnum og leika með á orgel.



Fullt hús á listakvöldi í Listasafni Árnesinga

Það var skemmtileg stemning í Listasafni Árnesinga þegar að árlegt samstarf Listasafnsins og Bókasafnsins í Hveragerði byrjaði aftur 1. des. Fimm höfundar lásu upp úr bókum sínum, Auður Ava Ólaf-

dóttir, Elísabet Jökulsdóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Þjetur Hafstein Lárusson og Þorvaldur S. Helgason. Einnig flutti Eyjólfur Eyjólfsson nokkur lög. Viðburðurinn var styrktur af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.



Pípulagnir Júlla

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

TAXI SELFOSSI
482-3800

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD Útfarabjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

Hjólbarðabjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HREINSITÆKNI
Stíflubjónusta - Rotþróahreinsun
Holræsaahreinsun - Götusópun
Stéttasópun - Lagnafóðrun
Niðurfallahreinsun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
Sími 892 2136
selfoss@hrt.is - www.hrt.is

HREINGERINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppebreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980